BYGGINGARLÝSING

Áshamar 1-7, Hafnarfjörður
Landeignanúmer L231973

HÚSLÝSING

Almennt
Um er að ræða tvö fjölbýlishús á lóðinni Áshamar 1-7, mhl. 01 og 02. Húsin, sem eru sambærileg eru sex hæðir ásamt kjallara. Í mhl.02 eru 38 íbúðir en gert er ráð fyrir allt að 90 íbúðum á lóðinni skv. deiliskipulagi. Allar íbúðir hafa rúmgóðar svalir. Á jarðhæð verður inntaksrými, geymslur sem tilheyra íbúðum ásamt hjóla-og vagnageymslu. Tvö stigahús eru í hvoru fjölbýlishúsi. Á lóðinni sunnan við húsin verða djúpgámar.

Burðarvirki:
Byggingin er hefðbundið staðsteypt íbúðarhús. Almennt eru allir berandi byggingarhlutar úr járnbentri steinsteypu. Sökklar og botnplötur eru staðsteyptar og einangraðar með 100 mm einangrun. Útveggir, veggir á milli íbúða, gangveggir og stigahús eru berandi burðarveggir. Milliplötur eru staðsteyptar milli berandi veggja. Þakplötur og svalir eru staðsteyptar. Stigar milli hæða eru staðsteypt eða forsteypt burðarvirki.

Klæðningarefni:
Húsin verða klædd og einangruð að utan að undanskildum kjallara sem verður einangraður að innan og pússaður að utan. Klæðning og frágangur verður samkvæmt forskrift frá arkitekt hússins.

Þök
Þök á íbúðarhúsum eru viðsnúin þök. Plötur eru staðsteyptar og klæddar með tvöföldu lagi af eldsoðnum tjörupappa. Einangrað með 250 mm rakaþolinni brýstieinangrun. Ofan á einangrun kemur vatnsvarnardúkur með öndun og síðan er fergt með þakmöl og hellum. Niðurföll eru tengd regnvatnslögnum. Þaksvalir íbúða verða með hellum.

Einangrun:
Einangrun byggingarhluta verður í samræmi við byggingarreglugerð.

U-gildi Byggingarhluta	Reiknað W/m²K		Samkvæmt reglugerð W/m²K
Gólf-botnplata	0,28	100 mm plasteinangrun	0,30
Klæddir útveggir	0,36	125 mm steinull	0,40
Þak	0,20	250 mm plasteinangrun	0,20
Gluggar	1,60		2,00
Hurðir	2,00		3,00
Kjallari	0,30	125 mm plasteinangrun	0,36

Gler, Gluggar/Hurðir:
Gluggar eru timbur/ál gluggar. Gler er K-gler með tvöföldu einangrunargleri í samræmi við grein 8.5.2. U-gildi glugga er 1,6 W/m²K. Útihurðir eru timbur/ál eða álhurðir og U-gildi útihurða er 2,0 W/m²K.

Stigar/Handrið:
Handrið á svölum verða með lóðréttum teinum úr stáli og ekki með breiðara bili en 89 mm. Öll handrið verða í 120 cm hæð. Stigar innanhúss eru staðsteyptir eða forsteyptir með stálhandriðum ásamt handlista í 90 cm hæð. Handlistar ganga 30 cm fram fyrir efsta og neðsta þrep.

Lyftur
Fjórar lyftur verða í húsunum, tvær í hvorum matshluta. Lyftur uppfylla gr. 6.4.12 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sbr. reglug. nr. 1173/2012 og 350/2013. Lyftustokkar verða loftræstir.

Frágangur innanhúss
Gólf eru staðsteypt. Í sameign verður ýmist, teppi, flísar og máluð gólf. Steyptir veggir verða sandsparstlaðir og málaðir. Léttir innveggir verða hlaðnir léttsteypuveggir og/eða gifsveggir, sparstlaðir og málaðir. Innihurðir, hindrunarlaus umferðarbreidd innihurða er að lágmarki 800 mm. Loft verða sandspörstluð og máluð.

Algild hönnun
Byggingarnar eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar. Íbúðir eru hannaðar þannig að hægt sé að mæta þörfum hreyfihamlaðra. Útihurðir ásamt innri hurðum í anddyri eru með rafrænum opnunarbúnaði tengdum varaafli. Ætak til opnunar þeirra má ekki vera meira en 25N á handfangi og max 40N á þrýsting eða tog. Allar útidyr/inngangsdyr eru með umferðarmál a.m.k. 830 mm breitt x 2070 mm hátt. Allar innihurðir, svala- og garðhurðir eru með umferðarmál a.m.k. 800 mm breitt x 2000 mm hátt. Þröskuldur við inngangsdyr/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Litaval og merkingar á leiksvæðum skulu taka mið af þörfum blindra og sjónskertra. Skábraut á lóð skal uppfylla ákvæði gr. 6.4.11. Allur frágangur og staðsetning á ljósapollum utandyra skulu taka mið af þörfum sjónskertra og blindra. Svalir eru með handriði úr málmi og gleri upp í lágmarkshæð skv. ákvæðum byggingareglugerðar.

Útisvæði
Gönguleiðir innan lóðar eru hannaðar með þarfir hreyfihamlaðra í huga.

Bílastæði
Heildarfjöldi bílastæða á lóð er samtals 95 og þar af eru sex bílastæði ætluð hreyfihömluðum. Þau eru sem næst inngöngum að húsunum og með snjóbræðslu.

Inngangar
Inngangur er um anddyri með lágmarks hæðarmun 0,25 m. Útihurðir eru með hurðarpumpu með hurðarátaki og togi sem hentar fólki með takmarkaðan styrk. Hnappar dyrasíma eru upphleyptir/áþreifanlegir og staðsettir fyrir alla notendur.

Umferðarleiðir innanhúss
Gangar í sameign eru allir að lágmarki 1500 mm breiðir. Stigahús með lyftu er staðsett þannig að stutt er að inngöngum íbúða frá stigahúsi/lyftu. Handlisti er við stiga, heill og óslitinn milli neðsta og efsta þreps og nær fram og aftur fyrir neðsta og efsta þrep.

Lyfta
Allur notendabúnaður hennar er af gerð sem hentar m.a. blindum, heyrnarlausum og hreyfihömluðum.

Íbúðir
Í íbúðum er rými fyrir hindrunarlaust snúningssvæði hjólastóls 1500 mm í a.m.k. einu svefnherbergi, stofu, baðherbergi og við eldhúsinnréttingu. 1300 mm snúningssvæði er í íbúðum undir 55 m².

Inni- og útihurðir
Allar hurðir eru með nægjanlega umferðarbreidd, að lágmarki 0,8 m á breidd og 2 m á hæð. Handfóng, hurðarhúnar og læsingar henta fólki með takmarkaðan styrk. Mesta hæð þröskulda er 25 mm. Yfirborð svala verður 25 mm neðar en yfirborð á gólfum innanhúss. Hallinn verður leystur með skábraut/fláa samanber leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Baðherbergi
Öll baðherbergi veru með hindrunarlaust snúningssvæði fyrir hjólastól, 1300 mm eða 1500 mm að þvermáli og með hindrunarlaust 900 mm athafnarými við salerni. Sturtuaðstaða er þrepalaus. Hurðir snúa almennt inn. Blöndunartæki eru einarma. Greið aðkoma er að handlaugum.

Svalir
Yfirborð svala verður 40 mm neðar en yfirborð á gólfum innanhúss. Hallinn verður leystur með skábraut/fláa samanber leiðbeiningar húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Geymslur
Sérgeymslur í kjallara eru aðgengilegar fyrir hjólastólanotendur og í nægjanlegri breidd.

Lagnaleiðir og lagnakerfi

Almennt:
Allur frágangur lagnakerfa er þannig að hann uppfylli kröfur skv. íslenskri byggingarreglugerð nr. 112/2012, með áorðnum breytingum, svo og öðrum íslenskum stöðlum, reglugerðum og samþykktum sem eiga við framkvæmdir eins og hér um ræðir. Allur frágangur uppfyllir hljóð- og brunakröfur skv. gildandi stöðlum og reglugerðum.

Inntök og stofnlagnir:
Inntök hita- og neysluvatns er í inntaksrými við útvegg.

Frárennsliskerfi:
Frárennsliskerfi er tvöfalt kerfi og hannað skv. ÍST 68 og DS 432, nýjustu útgáfum með leiðréttingum og öðrum stöðlum sem hann vísar til, ásamt ÍST EN 1825-2:2002. Aðal lagnaleiðir í húsinu eru í stokkum við eldhús og votrými. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50. Í baðherbergjum eru niðurföll í sturtum og eru þau neyðarniðurföll í þeim rýmum. Fráveitukerfi byggingarinnar verður tengt götulögnum fráveitukerfis með sjálfrennsli. Við hönnun fráveitukerfa er kröfum byggingarreglugerðar fullnægt og með hliðsjón af tæknilegum upplýsingum Rb-blaða eins og við á.

Neysluvatnskerfi:
Neysluvatnskerfi er skv. ÍST 67:2003 og DS 439:2000 og tilvísanir í aðra staðla, ennfremur lög og reglugerðir sem ÍST67:2003 vísar til, auk Rb-blaða er varða vatnslagnir, frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, áður útgefið af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Kalt neysluvatn verður beintengt vatnsveitu en heitt neysluvatn verður upphitað kalt neysluvatn. Búnaður til upphitunar á heitu neysluvatni er staðsettur í inntaksklefa í kjallara. Tryggja skal að framrásarhiti á heitu neysluvatni fari ekki yfir 43°C að töppunarstað. Hringrás verður á heitu neysluvatni til að lágmarka biðtíma eftir heitu vatni. Stofnlagnir neysluvatns eru einangraðar ryðfríar stállagnir með pressutengjum. Staðbundin hitastýring er alls staðar á heitu neysluvatni. Við sturtur verða notuð hitastýrð blöndunartæki en við handlaugar verður staðbundin sjálfvirk blöndun við tengikrana og skolvaska þar sem við á.

Hreinlætisbúnaður:
Öll hreinlætistæki uppfylla EN-staðla sem tekur til hreinlætisbúnaðar, svo sem festinga, tenginga o.fl.

Hitakerfi:
Hitakerfi eru skv. ÍST 66, DS418:2002+Till.1:2005+Till.2:2008, ÍST69:2002, ÍST EN 442-1:1995/A1:2003 [9], ÍST EN 442-2:1996/A1:2000, ÍST EN 442-3:2003, ÍST EN 10255:2004 + A1:2007 auk byggingarreglugerðar. Hitunarkerfi hússins er með gólfhita í íbúðum og ofnum í sameign og snjóbræðslukerfi sem nýtir bakrásarvatn hitaveitu eftir því sem kostur er. Snjóbræðsla er við aðalinngang og í bílastæði fyrir fatlaða. Í ofnhitakerfi er miðað er við að nota stálplötuofna skv. ÍST 69.1 og svartar stálpípur, skv. ÍST EN 10255. Ofnar eru fyrir vatnshitastig 75/35°C og lofthita 20°C.

Loftræsting:
Loftræsting er leyst með vélrænu útsogi frá lokuðum rýmum, votrýmum og eldhúsum og tekið í safnkassa á þaki með útkasti. Loftun rýma er leyst með rifum undir hurðir og aðloft tekið í gegnum inntaksventla í útvegg.

Sorp
Á lóðinni er hægt að hafa allt að 10 djúpgáma. Matshluti 04 samtals 4 djúpgámar sem rúma samtals 20m³. Einn heill gámur fyrir hvern flokk. 38 íbúðir X 0,12m³ hver flokkur (Lifrænt - Blandað - Pappír - Plast) = 18,24m³. Aðgengi sorpbíla verður um Áshamar.

stærð gáma	5 m³	5 m³	5 m³	5 m³
	Blandað	Pappír	Plast	Lífrænt
Fjölbýli / sérbýli	3,5	3,5	3,5	3,5

	fjöldi	m³ á íbúð	m³ á íbúð	m³ á íbúð	m³ á íbúð
Fjölbýli	38	0,12	0,12	0,12	0,12
Samtals		4,56	4,56	4,56	4,56
Samtals m³ þörf		4,56	4,56	4,56	4,56
-15%		3,9	3,9	3,9	3,9
-10%		4,1	4,1	4,1	4,1
Heild m³ gámar		5,0	5,0	5,0	5,0

Hljóðvist
Kröfur til hljóðvistar skv. gæðaflokki C í staðlinum ÍST 45:2016, Hljóðvist - flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, verða uppfylltar í nýbyggingunum við Áshamar 1-7. Í köflum 6 og 15 eru skilgreindar kröfur til íbúðarhúsnæðis. Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna sem og við val á hurðum og gluggum. Gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstig í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstigs frá tæknibúnaði. Útveggir byggingarinna eru staðsteyptir, einangraðir að utan, og hljóð- og einangrunargildi glerja áætlað til að hljóðstig innandyra uppfylli kröfur reglugerðar til hávaða frá umferð. Hljóðstig á útisvæðum verður innan marka reglugerðar um hávaða. Markmið og kröfur til hljóðvistar byggingarinna eru settar fram í greinargerð um hljóðvist.

FRÁGANGUR LÓÐAR
Lóð er áhersla á að allur frágangur á lóð verði í sem bestu samræmi við núgildandi deiliskipulag. Aðkomuhæð hússins er í samræmi við lóðar- og hæðablað. Endanlegur hæðarmunur ákvarðast á hæðarblöðum. Byggingar eru innrammaðar af Ásvallabraut til norðurs og Áshamri til suðurs og vesturs. Austurhlið lóðarinnar snýr að núverandi hrauni og er lögð áhersla á að sem minnst rask eigi sér stað og allur frágangur við bílastæði verði eins mikið í samræmi við núverandi yfirborð og unnt er. Aðkomuvegur að lóð er frá Áshamri. Aðkoma slökkviþíls er frá göngustíg samliggjandi Ásvallabraut norðvestan og norðan bygginga. Innakstursleið sunnan hringtorgs á gatnamótum Ásvallabrautar og Áshamars. Heildarfjöldi bílastæða á lóð eru 95, þar af 6 stæði ætluð hreyfihömluðum. Gert er ráð fyrir snjóbræðslu á helstu gönguleiðum innan lóðar. Snjóbrætt verður einnig að djúpgámum, og á bílastæðum hreyfihamlaðra. Leik- og dvalarsvæði er staðsett í milli bygginga Áshamars 1-3 og Áshamars 5-7. Aðgengi íbúða að inngarði skal vera tryggt um sameign og gönguleiðir frá bílastæðum að aðalinngöngum snjóbræddar. Gróðurbelti verða á lóðarmörkum vestanmegin og milli bygginga sunnanmegin. Auk þess sem gróður verður á og við leik- og dvalarsvæði. Nánast allt ofanvatn sem fellur til innan lóðarinnar, verður meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum. Gert er ráð fyrir hjólaskýli milli bygginga 1-3 og 5-7. Skýliið verður úr timbri og mun einnig nýtast sem skjólmyndun fyrir dvalar- og leiksvæði innan lóðarinnar. Öll lýsing innan lóðar skal vera lágstemmd, með afskermuðum lömpum til að skapa sem hlýlegasta aðkomu. Vakin skal athygli á aðalinngangi með lágri lýsingu. Sjá nánar uppdrætti lýsingarhönnuða. Djúpgámar eru staðsettir á suðurhluta lóðar við Áshamar.

KVAÐIR LÓÐA OG BYGGINGARREGLUGERÐA
Kvöð er um umferð á suðurhliði lóðar meðfram Áshamri.

BÍLASTÆÐI
Sjá nánar teikningar húsaarkitekta.

EFNISVAL
Aksturssleiðir verða malbikaðar með 50 mm þykku stungumalbiki af gerðinni SL11 og verður öll vinna við malbik í samræmi við Alverk 95. Aksturssleið við bílastæði á austurenda lóðar verður lögð plastsellum sem hleypa regnvatnið niður í burðarlagið, auk þess sem öll bílastæði að frátöldum bílastæðum hreyfihamlaðra verða lögð með plastsellum. Kantsteinar verða forsteyptir 24x40x17cm.



Afstöðumynd
1 : 500

Bílastæði ætluð hreyfihömluðum verða hellulögð með hellum 20x10x8 cm. Athafnasvæði og aðkoma slökkviliðs verður malbikuð með 50 mm þykku stungumalbiki af gerðinni SL11 með undirbyggingu sem samanstendur af 5 cm sandlagi og 70cm grúsarlagi. Gangstéttar verða hellulagðar með 6 cm hellum í breytilegum stærðum, frá viðurkenndum framleiðanda. Hellur koma ofan á 5cm þykkt, þjappað, sandlag með grófum holtasandi og verða hellur lagðar þannig að hvergi myndist misfellur og fúgur standist á og myndi beinar línur. Þar sem hellulögn mætir grasflöt eða gróðurbeði verður ýmist járnbentur steyptur stuðningur við hellulögnina eða kantsteinn. Meðfram húshliðum og stoðveggjum þar sem mætir grasi eða gróðri kemur hellurið með hellum af gerðinni 40x20x6 cm. Álagsfletir verða þaktir með túnþökum sem innihalda lágvaxnar, slitþolnar grastegundir önnur grassvæði verða með lyngmóaþökum. Þökur koma ofan á 10cm þykkt vaxtarlag. Aðfluttur ræktunarjarðvegur verður sandblandaður, jarðvegsbættur og unnin þannig að hann henti sem best fyrir grasflatir. Ryr ræktunarjarðvegur verður nýttur undir lyngmóaþökur. Í gróðurbeð verður notast við þéttvaxinn þekjandi runnagróður og tré. Gróðurbeð verða með 50cm þykku vaxtarlagi. Stoðveggir innan lóðar skulu vera hlaðnir ýmist úr náttúrugrjóti eða forsteyptum einingum. Tröppur verða ýmist staðsteyptar eða úr forsteyptum einingum .

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 22-049) í september 2022 fyrir Áshamar 1-7, mhl B. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a. Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Húsið er í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða fjölbýlishús á sex hæðum auk geymsla og tæknirýmis á jarðhæð.

Brunahólfun
Hver hæð er sér meginbrunahólf, um 750 m² en skiptist í mörg sterk brunahólf, m.a. með nokkrum meginhólfandi veggjum (EI90).
Íbúðir eru sér brunahólf með a.m.k. EI90 milli íbúða og EI60 fram í gang.
Gangar við íbúðir eru sér brunahólf.
Stigahús eru sér brunahólf og eru af gerðinni „stigahús 2 skv. byggingarreglugerð.
Lyfta er sér brunahólf. Geymslukjarnar eru hver um sig sér brunahólf og brunastúkaðir frá anddyri sem er flóttaleið frá stigahúsi 2. Hjólageymsla er sér brunahólf. Tæknirými er sér brunahólf. Lóðrétt lagnaskökt fyrir loftræsilagnir og aðrar lagnir eru a.m.k. EI60. Val er um að brunaloka með öðrum lögnum en loftræsilögnum í láréttum skilum, a.m.k. EI90. Sett verður E30 gler þar sem er styttri lóðrétt fjarlægð milli glugga en 1,2 metri.

Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.
Svalir eru a.m.k. REI90.

Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Allar klæðningar í geymslum eru í flokki (K10 B,s1-dO).
Gólfefni í jarðhæð, göngum og stigahúsum eru í flokki G (Dfl-s1).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Veðurkápa á útveggjum er í flokki A,s1-dO.
Vindvörn er a.m.k. í flokki B,s1-dO.
Frágangur þakplötu er með viðsnúnu þaki með rakavarinni pappalögn og einangruð með plasteinangrun sem er varin með dúk og þakmöl. Frágangur uppfyllir grein 9.6.10 í byggingarreglugerð. Þaksvalir íbúða verða með hellum.

Flóttaleiðir
Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá íbúðum.
Önnur leiðin frá efri hæðum er út á svalir.
Frá geymslukjöllurum í norðurenda er ein flóttaleið sem er um 10 metrar og því í samræmi við töflu 9.05 í byggingarreglugerð.
Biðsvæði fyrir fatlaða ásamt neyðarsíma er á göngum efri hæða sbr. leiðbeining HMS nr. 9.5.10.

Reykskynjarar
Reykskynjarar eru í íbúðum og geymslum, a.m.k. einn fyrir hverja 80 m².
Sett verður upp stjórnstöð brunakerfis sem tengist reykskynjurum á göngum og lyftuskakti og opnar reyklúgu lyftuskakts við boð frá tveimur reykskynjurum.

Stigleiðsla
Sett er upp stigleiðsla með 80 mm innanmáli við stigahús.
Inntak stigleiðslu verður á útvegg á fyrstu hæð og úttak á gangi við stigahús á hverri hæð fyrir ofan fyrstu hæð.

Loftræsikerfi
Gert er ráð fyrir að hver íbúð verði loftræst um sér loftræsirör og að sameiginlegur safnkassi reykræsist um útsogsop sem þarf að vera stærra (nettó op með blásara stopp) en rör frá hverri íbúð.

Reyklosun
Reykræsing frá stigahúsi er um reyklúgu á efstu hæð sem er a.m.k. 1 m² sem opnast með hnappi frá fyrstu hæð. Reyklúga skal vera með vararafmagni.
Reyklúga (a.m.k. 1 m²) verður í lyftustokk sem opnast við staðfest brunaboð en er einnig opnanleg með hnappi frá fyrstu hæð.
Reykræsing frá geymslum er um reykræsiop, a.m.k. 0,5% af gólfflatarmáli sem eru opnanleg utanfrá af slökkviliði. Þau verða merkt utanfrá.
Reykræsing að öðru leyti er almennt um glugga og hurðir.

Slökkvitæki
Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í anddyri hverjar íbúðar og í tæknirými og geymslugangi, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing er 5 lux í stigahúsi og inntaksrými.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum" (1 lux) er í flóttaleiðum, t.d. göngum hæða og geymslugöngum.
Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum" (0,5 lux) er hjólageymslu.
Útljós verða við útganga úr geymslum, stigahúsum og við innganga í stigahús.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs er frá Ásvallabraut og Áshamri.
Reiknað er með því að björgun af svölum fari fram með körfubílum og léttum stigum.
Gerðar verða sérteikninga að aðkomu og staðsetningu körfubíla og jarðvegslýsing.
Reitur körfubíl verður a.m.k. 6x10 metrar og aðkoma um 3 metra breiða stiga.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (reyklúgur, brunaviðvörunarkerfis, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu og neyðarsímar).

Helstu bruttóstærðir (A)

Brúttóflötur húsa = 9.055 m²
Brúttórúmmál húsa = 25.355 m³
Stærð lóðar = 5.819 m²
Heildar nýtingarhlutfall = 1,56

bílastæðabókhald Mhl.02

ÍBÚÐ	NETTÓ FM.	BÍLASTÆÐI
02-0101	45,3 m²	1
02-0102	45,3 m²	1
02-0103	45,3 m²	1
02-0104	45,3 m²	1
02-0105	45,3 m²	1
02-0106	45,3 m²	1
02-0107	45,3 m²	1
02-0201	45,3 m²	1
02-0202	45,3 m²	1
02-0203	45,3 m²	1
02-0204	45,3 m²	1
02-0205	69,8 m²	1
02-0206	69,8 m²	1
02-0207	69,8 m²	1
02-0301	76,6 m²	1
02-0302	76,6 m²	1
02-0303	76,6 m²	1
02-0304	76,6 m²	1
02-0305	76,6 m²	1
02-0306	76,6 m²	1
02-0307	78,1 m²	1
02-0401	78,1 m²	1
02-0402	78,1 m²	1
02-0403	101,9 m²	1,5
02-0404	115,2 m²	1,5
02-0405	115,2 m²	1,5
02-0406	115,2 m²	1,5
02-0501	115,2 m²	1,5
02-0502	115,2 m²	1,5
02-0503	115,2 m²	1,5
02-0504	115,4 m²	1,5
02-0505	115,4 m²	1,5
02-0506	115,4 m²	1,5
02-0601	115,4 m²	1,5
02-0602	115,4 m²	1,5
02-0603	115,4 m²	1,5
02-0604	121,1 m²	1,5
02-0605	128,7 m²	1,5
		45,5

Samþykkt þann
05. OKT. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Sólveig Þorvaldsdóttir

LR	Loftræsing		Brunatexti:
GN	Gólfniðurfall	R	Berandi
ÞNF	Þaknniðurfall	E	Óbrennandi
RL	Reyklosun	I	Einangrun
EV	Eldvarnavaskur	C	Sjálflokandi
HL	Handlaug	S	Reykþétt
RV	Ræstivaskur	90	Tími í min.
ÞGL	Þakgler	HSL	Hæðsláttkvörtæki
BV	Borðbúnaðarvaskur	BO	Björgunarop
TAV	Tækjavaskur	BS	Brunaslanga
SV	Skolvaskur	UY	Útloftun yfirþrýstings
koti			
GK	Gólfkóti	R	Reykskynjari
L	Landkóti		Stigleiðsla
G	Gangstétt		Tvíburatengi
	Frágengið gólf		Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis
	Kóti steyptu gólf		Berandi
	Kóti frágengið gólf		Létt
	Lóðamörk		Gat í gólfi
	Byggingarreitur	ós	Óruggt svæði hreyfihamlaðra
	Bílastæði undir húsi		Inngangur
D	Djúpgámar	ÚT	Útgangur

- ÖLL MÁL STAÐFESTIST ÁÐUR EN FRAMKVÆMDIR HEFJAST
- MISRÆMI I TEIKNINGUM TILKYNNIST TIL ARKITEKTS
- TEIKNINGAR I SÉRKRÖFUM ELÍKYVARÐA GILDA UMFRAM TEIKNINGAR I SAMÞÉRKKVARÐA
- LESA SKAL TEIKNINGAR ARKITEKTS ÁSAMT FYLGIGÖGNUM OG GÖGNUM ANNARRA HÖNNUÐA
- SJÁ GATAPLAN VERKFRÆÐINGA

TEIKNING ÞESSI ER EIGN JÖRÞ. HANA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI, SVO SEM MEÐ LJÓSRITUN, PRENTUN EÐA Á ANNAN SAMBÆRILEGAN HÁTT, EÐA HLUTA EÐA HEILDAR SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR.

BREYTING: ÁBM.	DAGS.:	BR.:
		G
		F
		E
		D
		C
		B
		A

ÁSHAMAR 1-7
Afstöðumynd

VERKNR.: HAM4a
DAGS.: 08/09/2022
7:18:33 pm
MKV.:

VERKHLUTI:
AÐALUPPDRÁTTUR

Arkitekt

jörp
JÖRÞ EHF
kt 430221-1320
jorp@jorp.is

Rafael Campos de Pinho
Arkitekt
kt 080779-2329
rafael@jorp.is

GRÉNANES EHF.
kt 490221-1900

Umsækjandi

Breyting

A001

SHS
13.9.22

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson, o=Brunahönnun H Kristjansson ehf, c=IS
Iceland
S-IS Iceland
c=Brunahönnun slf, serialnumber=Brunahönnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2022-09-09 09:16z

A1